

Mál nr. 376/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs. Fasteignatrygging.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Málskotsfrestur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. október 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. nóvember 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 12. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins, þ.á.m. tjónstilkynningu, varð hinn 16. ágúst 2024 tjón á fasteign í eigu M vegna stíflu í frárennislögn. Segir M stífluna hafa náð frá baðherbergi og út fyrir húsið. Hafi M haft samband við X og pípulagningafyrirtæki vegna þess. Hafi leki af völdum þessa valdið tjóni á vegg í baðherbergi, gólfefni í aðliggjandi eldhúsi og þröskuldi við baðherbergi.

Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu úr fasteignatryggingu M og vísað ábyrgð á tjóninu á X. Meðan á þeirri deilu hafi staðið hafi auknar skemmdir orðið á eigninni. M krefst bóta vegna tjóns síns enda hafi verið um að ræða vatnstjón sem ekki verði rakið til nokkurrar vanrækslu af hennar hálfu.

Í bréfi V kemur fram að bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hafi verið hafnað þar sem ekki væri sýnt fram á að tjón á fasteign M yrði rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi X, starfsfólks þess eða annarra atvika sem X bæri ábyrgð vegna. Viðhaldi lagnarinnar hafi verið ábótavant og mikið magn af bleium og blautþurrkum í henni hafi myndað stíflu. Lögnin sjálf hafi hins vegar verið í eigu M en ekki X og því ekki á ábyrgð X að halda henni við.

Í viðbótarathugasemdum sínum byggir M á því að bótaskylda úr fasteignatryggingu sé fyrir hendi enda hafi tjónið stafað af skyndilegu og ófyrirsjáanlegu vatnsflóði vegna stíflunnar. Kemur fram að M hafi strax krafist bóta úr fasteignatryggingunni en V hafi ekki skoðað tjónið og ekki sinnt þjónustu við M sem skyldi.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að V hafi, hinn 6. september 2024, hafnað bótaskyldu úr fasteignatryggingu M þar sem tryggingin taki ekki til tjóns vegna stíflu utan veggja fasteignarinnar. Er því sérstaklega mótmælt að stíflan hafi verið innanhúss enda hafi það verið niðurstaða iðnaðarmanns sem kom á vettvang að stíflan hafi verið utan við húsið. M hafi í kjölfarið verið bent á að beina kröfu sinni í ábyrgðartryggingu X þar sem ábyrgð á viðhaldi frárennislagna hvíli almennt á X. Hafi hins vegar komið í ljós að lögnin var í eigu M og ekki hafi verið óskað eftir því að X yfirtæki lögnina. Hvað kröfu M um bætur úr fasteignatryggingu sinni varði hafi liðið meira en ár frá því að höfnunarbréf var sent M hinn 6. september 2024 og þar til málskot þetta barst nefndinni. Hafi M því, samkvæmt 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 glatað rétti sínum til bóta úr fasteignatryggingu sinni hafi hann á annað borð verið til staðar.

Álit.

Málflutningur aðila er ekki svo skýr sem best væri á kosið og engin gögn, önnur en frásagnir aðila, liggja fyrir nefndinni um eðli og orsakir umrædds tjóns, tilvitnaða skoðun iðnaðarmanns eða eignarhald á frárennislögninni. Aukinheldur liggja engin gögn frá X, yfirlýsingar þess eða annað, fyrir nefndinni. Þá er ekki fyllilega skýrt af málskoti að hvaða váttryggingu krafa M beinist en þar kemur þó skýrt fram að hún telji að V sé skylt að bæta tjón hennar. Þrátt fyrir framangreinda annmarka er það mat nefndarinnar að málið sé ekki það óljóst, illa upplýst eða kröfur M svo óskýrar að leiði til frávísunar á grundvelli g.-liðar 4. gr. samþykktu úrskurðarnendar í váttryggingamálum. Má enda ráða af heildstæðri skoðun á gögnum málsins að ágreiningur aðila snúa annars vegar að því hvort bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V og hins vegar úr fasteignatryggingu M hjá V.

Hvað varðar mögulega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X eru hefðbundin skilyrði skaðabótaskyldu fyrir hendi og sönnunarbyrði þess að hún hafi orðið fyrir tjóni sem verði rakið til saknæmra athafna eða

athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Það er því ekki svo að X beri hlutlæga ábyrgð á lögnum og ástandi þeirra. Eins og áður segir liggja engar upplýsingar, aðrar en lýsingar aðila, fyrir nefndinni um orsök og eðli umræddrar stíflu, þ.m.t. um hvort hún hafi stafað af skorti á viðhaldi eða öðrum orsökum og hvort M eða X beri ábyrgð á lögninni sem slíkri og viðhaldi hennar. Er því ósannað að tjón M verði rakið til atriða sem X ber skaðabótaskyldu vegna. Af því verður M að bera hallann og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar um bætur úr ábyrgðartryggingu X.

Hvað varðar mögulega bótaskyldu úr fasteignatryggingu M þá liggur fyrir að V hafnaði þeirri kröfu M með tölvupósti dags. 6. september 2024. Voru rökin fyrir höfnuninni þau að samkvæmt skilmálum bætti vátryggingin ekki tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum, eða ef skolpleiðslur geti skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berist, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss. Samkvæmt pípulagningamanni sem V hefði haft samband við hefði umrædd stífla verið utan við húsið og bótaskylda því ekki fyrir hendi, enda stíflan ekki innanhúss. Í umræddum tölvupósti var M einnig bent á að hún gæti skotið niðurstöðu V til úrskurðarnefndarinnar en að samkvæmt 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga yrði hún að gera það innan árs frá móttöku tilkynningarinnar.

Í 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að ef vátryggingafélag hafnar kröfu vátryggðs í heild eða að hluta glati hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Í slíkri tilkynningu vátryggingafélags er skylt að geta framangreinds frests, með hvaða hætti unnt er að rjúfa hann og afleiðinga þess að ekki er aðhafst fyrir lok hans. Ekki verður annað ráðið en að umrædd tilkynning hafi, eins og framan er rakið, uppfyllt framangreind skilyrði. Í ljósi þess að tilkynningin barst M með tölvupósti hinn 6. september 2024 er því óhjákvæmilegt að líta svo á að hún hafi glatað rétti sínum til bóta er málskot þetta barst nefndinni meira en ári síðar, eða hinn 20. október 2025. Verður því að hafna kröfu hennar um bætur úr fasteignatryggingu sinni þegar af þeirri ástæðu og er þá óþarft að taka aðrar röksemdir aðila til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

M á ekki rétt til bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 9. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir